

Fundargerð 127. fundar
fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 16. mars 2021

Fundartími: Flóaskóli: 16.30 -18.00

Sameiginleg málefni: 18.00 – 18.30

Krakkaborg: 18.30 – 19.00

Fundarmenn:

Mareike Schacht, formaður

Bjarni Stefánsson, varaformaður

Ægir Sigurðsson, ritari

Axel Páll Einarsson, aðalmaður

Alma Anna Oddsdóttir, aðalmaður

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Hulda Kristjánsdóttir fulltrúi kennara Flóaskóla


Stefanía Ósk Benediktsdóttir fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra úr Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri Krakkaborgar

Eydís Rós Eyglóardóttir, fulltrúi foreldra úr leikskóla

U.S.	APE
B.St.	SÓB
AAO	ERE
	
	

Flóaskóli:

1. Fréttir af skólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri hefur sent fréttir af skólastarfi á nefndarfólk. Farið yfir helstu atriði.
2. Skóladagatal – Drög að skóladagatali hafa verið send á nefndarfólk. Frá síðasta fundi hefur verið farið yfir drög í skólaráði. Óformleg könnun meðal foreldra hefur leitt í ljós að meirihluti vill ekki haustfrí. Engar athugasemdir eru gerðar við drög að dagatali. Endanlegt skóladagatal verður tekið fyrir á næsta fundi fræðslunefndar.
3. Skólaakstur – skipulag akstursleiða fyrir næsta skólaár. Unnið hefur verið að endurskoðun akstursleiða með tilliti til búsetu nemenda í skólanum. Nokkur börn sem nota skólabíla eru með lögheimili í Árborg. Flóahreppur hefur veitt þessa þjónustu fyrir nemendur búsetta á Selfossi en hugsanlega þarf að endurskoða það vegna plássleysis í skólabílum. Skipuleggja þarf aksturinn með tilliti til viðmiðs um hámarkstíma nemenda í skólabíl. Bent er á mikilvægi þess að þeir skólabílar sem eru í notkun henti til skólaaksturs og séu endurnýjaðir reglulega. Einnig kemur fram að nemendur eru sóttir í nokkra sumarbústaði, rétt er að taka fram að ekki er skylt að sækja nemendur sem búsettir eru í sumarhúsum þar sem þau hafa ekki lögheimili. Hugsanlega þarf að taka tillit til þessa ef ekki er nægt pláss í skólabílum. Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn taki þessi mál til skoðunar.
4. Húsnæðismál – bókun sveitarstjórnar. Skólastjóri hefur lagt til ákveðnar breytingar á húsnæði sem þarf að gera fyrir næsta skólaár. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við tillögur. Fræðslunefnd felur skólastjóra að fylgja málinu eftir við umsjónarmann fasteigna.
5. Skólapúlsinn – Skólastjóri fer yfir og kynnir helstu niðurstöður foreldrakönnunar.
6. Önnur mál

K. Maríka Svavart
Guðlaug Hótelu,
Hrunn Kj,
Pállur Guðna Ólafsson,
Egna Stefanna
Margrét Drífa Guðmundsdóttir
Ragur Sig
Axeilá Einarsson

Sameiginleg málefni:

7. Skóladagatöl 2021-2022. Ræddar breytingar á dagatölum til að samræma skóladagatöl Flóaskóla og Krakkaborgar.
8. Önnur mál. Rætt um næsta fund fræðslunefndar, ákveðið að hafa ekki fund í apríl, næsti fundur verður 18. maí.

W. Ascello Schach
Láruslaug Þors
Hrúta y.
Jóna

Stefanía Ó. Benediktsson

Póður G. G.

Eydis Þórunn Eyglóusdóttir

Alma Anna Ólafsdóttir

Þorri Stefánsson

Margrét Dörfu Guðmundsdóttir

Þórir Þórhildsson

Axel Hau Einarsson

Krakkaborg:

9. Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt. Skólastjóri fór yfir helstu fréttir af skólastarfinu. Fram kom að fjöldi nemenda hefur náð hámarksfjölda og lítur út fyrir að fjöldi barna verði hæfilegur næsta skólaár. Rætt um inntökuskilyrði og hvort þau haldist í hendur við ný lög um fæðingarorlof. Fræðslunefnd leggur til að sveitastjórn taki málið til skoðunar fyrir sumarfrí þannig að breyttar reglur verði kynntar foreldrum sem allra fyrst. Þróunarverkefni um nemendaráð kynnt.
10. Skóladagatal – Skóladagatal hefur verið í vinnslu, fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir. Endanlegt skóladagatal verður tekið fyrir á næstu fundi fræðslunefndar.
11. Önnur mál.

U. Maríelie Svabí

Axel Páll Einarsson

Þjarni Stefánsson

Alma, Anna Odabjörnsdóttir

Stefanía Ö. Benediktssd

Fydlis Þó. Ágústsdóttir

Jarab

Þórdís

Þórunn